

6. desember 2018 - Berist stjórn Odda bs.

Erindi frá skólabílstjórum í RY

1. Skólabílstjórar gera athugasemdir við það að hluti nemenda fari með skólastjórnendum/kennurum á viðburði tengda skólunum utan skólatíma. Eðlilegt er að skólabílstjórar sjái alfarið um akstur allra nemenda á slíka viðburði og er starfsfólk þá auðvitað einnig velkomið í bílana.
2. Við teljum að allir starfsmenn skólanna, þar með talið skólabílstjórar, séu mikilvægir hlekkir í þeirri keðju sem skólastarfið er. Því þykir okkur æskilegt að skólabílstjórum bjóðist að taka þátt í viðburðum eða námskeiðum sem tengjast skólastarfinu utan kennslustofunnar. Má þar til dæmis nefna skyndihjálpar námskeið, hópefli starfsmanna, og máltíðum á vegum skólanna þar sem öllum starfsmönnum er boðið (t.d. jólamáltíð og þorramáltíð) svo eitthvað sé nefnt.

Óskum við eftir því að þessi mál verði tekin til skoðunar af stjórn Odda bs.

Með kærri kveðju,

Skólabílstjórar í RY